

LANDPÓSTURINN

Ltbl. 10.árg. janúar 1998 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

Landeyðing í Ástralíu — fræðslufundur 29. janúar —

Flestum er vel kunnugt landrofið á Íslandi, en færri þekkja til þess hvernig land rofnar undan okkur hér norður frá, og það suður í Ástralíu.

Um þetta, og á hvern hátt vandamálin sem þar er við að glíma eru öðru vísi, ætla þau Fjóla Þórarinsdóttir og Ásgeir Jónsson að ræða á fræðslufundi félagsins *fimmtudaginn 29. janúar kl.20:30 í stofu 201 í Odda*, en þau eru nýkomin úr námsleyfi í Ástralíu. Landpósturinn hefur hlerað að þau muni m.a. nota skyggnuvél til að skýra mál sitt, og má vænta þess að þau sýni forvitnilegar myndir úr Eyjaálflu.

Næstu fræðsluerindi og aðalfundur

Við látum ekki þar við sitja í girnilegum tilboðum fram eftir vetri og til vors. Félagsmönnum er óhætt að taka strax frá í dagatalinu fimmtudagskvöldið 26. febrúar, þriðjudagskvöldið 31. marz og fimmtudagskvöldið 16. apríl, og muna að færa saumaklúbbinn og tímamann í líkamsræktinni. Eitt af þessum kvöldum verður aðalfundur félagsins, og er auðvelt að geta sér til um hvaða dagur það sé, þegar upplýst er jafnframt að skv. lögum þess skal aðalfundur haldinn fyrir lok marz ár hvert. (Það eru einnig óskrifuð lög, að á aðalfundi skal vera kaffi og kökur.) Meðal fyrirlesara verða Anna Dóra Sæþórsdóttir og Karl Benediktsson. Nánar verður þetta kynnt síðar.

Ráðstefna 13. mars

Í síðasta fréttabréfi var kynnt sú hugmynd stjórnar að halda ráðstefnu í mars 1998 um kortagerð á Íslandi. Þessi hugmynd hefur fengið góðar undirtektir allvíða, og er nú afráðið að Kortagerðarfélagið og LÍSA standi að slíkri ráðstefnu með Félagi landfræðinga föstudaginn 13. mars 1998 kl. 13-17.

Dagskráin er enn í mótun, og aðeins er búið að hafa samband við hluta þeirra, sem beðnir verða um að flytja erindi. Nákvæm yfirskrift ráðstefnunnar er heldur ekki ákveðin. Góðar ábendingar eru því vel þegnar sem fyrr. Ljóst er, að ráðstefnugjaldi verður stillt í hóf.

Félagsgjöld 1997

Því miður dróst fram undir áramót að innheimta félagsgjald ársins 1997 hjá félagsmönnum, og ekki bætti úr skák nokkur seinagangur hjá bankanum.

En nú eiga allir að vera búnir að fá greiðsluseðil, sem við vonum að afgreiðist fljótt og vel, svo að ritstjórn Landabréfsins hafi ekki aðeins úr greinum að móða til yfirlestrar, heldur geti líka komið þeim á prent.